

## Samþykktir

### 1. gr.

Félagið heitir *Félag áhugamanna um lyflækningar*.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- a. Auka áhuga og þekkingu allra læknanema á Íslandi á lyflækningum.
- b. Styðja við læknanema í áföngunum LÆK202F og LÆK203F.
- c. Starfa eingöngu sem félagasamtök, félagið mun ekki vera með neinn atvinnurekstur.

### 3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

- a. Halda fræðslufundi til að efla þekkingu nema á lyflækni­fræði.
- b. Halda kynningar á stuðningsþjónustu Landspítalans og annarri tengdri þjónustu innan spítalans.
- c. Fá starfandi aðila innan greinar lyflækni­fræði til þess að halda erindi og kynna nýjungar innan síns fags.

### 4. gr.

Félagsaðild: Öllum þeim sem stunda nám í læknisfræði og hafa áhuga á lyflækni­fræði býðst aðild að félaginu.

### 5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðalfundur verður auglýstur á samfélagsmiðlum félagsins.

### 6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- a. Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b. Skýrsla stjórnar lögð fram
- c. Reikningar lagðir fram til samþykktar
- d. Lagabreytingar
- e. Kosning í stjórn félags. Allir félagsmenn hafa kjörgengir
- f. Kosning í stöður innan stjórnar
- g. Önnur mál

**7. gr.**

Fjöldi stjórnarmeðlima hvers árs skal ráðast af þörf hverju sinni. Stjórn félagsins skal skipuð að minnsta kosti fjölda sem skipar eftirfarandi hlutverk.

Formaður

Varaformaður

Ritari

Gjaldkeri

Meðlimir stjórnar skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðal- og félagsfunda. Formaður eða annar meðlimur stjórnar hefur heimild til að boða til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

**8. gr.**

Félagið hyggst fjármagna starfsemi sína með frjálsum framlögum fyrirtækja sem og annara aðila sem áhuga hafa á málefnum félagsins. Auk þess mun félagið sækja um styrk til Stúdentasjóðs.

**9. gr.**

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í viðburði sem notaðir verða til auglýsingar eða aðdráttar fyrir félagið. Félagsmenn munu ekki njóta neins fjárhagslegs ávinnings af störfum sínum fyrir félagið.

**10. gr.**

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi.

Staður: Landspítali, Hringbraut 1.

Dagsetning: 22. janúar 2024 kl. 16:30

Hér koma eiginhandar undirritanir allra stjórnarmanna (nöfn og kennitölur):

Kristján Þorsteinn Halldórsson, 050100-2860

Vífill Ári Hildursson, 190600-2110

Kara Hlynisd., 181297-2399

Þorgeður Einarsdóttir, 290897-2389

Laufey Halla Atladóttir 1404982389

Elisabet Tara Guðmundsdóttir 121196-2399

Þósteinn Jón Albertsson 190899-2099